

KJARASAMNINGUR

milli

Samtaka atvinnulífsins annars vegar

og

Lyfjafræðingafélags Íslands vegna apóteka hins vegar.

1. gr.

Samningstími

Allir síðast gildandi kjarasamningar Samtaka atvinnulífsins og aðildarfyrirtækja annars vegar og Lyfjafræðingafélagsins vegna apóteka hins vegar framlengjast til 31. desember 2007 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og falla þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Samningur þessi gildir frá 1. júní 2004.

2. gr.

Laun og kjaratengdir liðir hækka sem hér segir:

1. júní 2004	3,25%,
1. janúar 2005	3,0%.

Sjá ennfreður bókun 2004.

3. gr.

Desember- og orlofsuppbót.

Desemberuppbót greiðist sem hér segir:

Á árinu 2004 kr. 38.500

Á árinu 2005 kr. 39.700

Á árinu 2006 kr. 40.700

Á árinu 2007 kr. 41.800

Orlofsuppbót greiðist sem hér segir:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2004 verði orlofsuppbót kr. 21.100

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2005 verði orlofsuppbót kr. 21.800

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2006 verði orlofsuppbót kr. 22.400

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2007 verði orlofsuppbót kr. 23.000

4. gr.

Grein 2.3. breytist eftirfarandi:

17. júní telst til stórhátíðardaga.

Handwritten signatures and initials at the bottom right of the page, including "ABK", "js", "16", "B", and "881".

5. gr.

Við grein 5.5. bætist nýr h) liður:

- h) Tilfærsla fimmtudagsfrídaga. Heimilt er að semja svo um á vinnustað að samningsbundið frí vegna uppstigningardags og sumardagsins fyrsta, sem báðir eru ávallt á fimmtudögum, sé flutt á annan virkan dag, t.d. föstudag eða mánudag, eða tengt annarri frítöku starfsmanna. Ákvörðun um nýjan frídag eða fyrirkomulag frítöku nær til allra hlutaðeigandi starfsmanna og ræðst af vali meirihlutans. Eru þá greidd sömu laun þessa daga og aðra virka daga og starfsmenn halda dagvinnulaunum sínum þegar frí er tekið á hinum nýju frídögum. Ef starfsmenn eru sérstaklega beðnir um að vinna á nýju frídögunum er greitt yfirvinnukaup auk dagvinnulauna, nema vaktaákvæði kjarasamninga kveði á um annað. Hafi frídagur ekki verið tekinn við starfslok skal við uppgjör launa greiða hann með 8 dagvinnustundum, m.v. fullt starf.

6. gr.

Hækkað framlag í lífeyrissjóði

Frá 1. janúar 2005 hækkar framlag atvinnurekenda í samtryggingarlífeyrissjóð í 7,0% og á sama tíma fellur niður skylda til að greiða 1,0% fast í séreignasjóð óháð framlagi starfsmanns. Frá 1. janúar 2007 hækkar iðgjald atvinnurekenda til samtryggingarlífeyrissjóðs í 8,0% samhliða 0,45% lækkun almenns tryggingagjalds.

7. gr.

Grein 10.2 Um endurmenntunarsjóð verður grein 10.1 og verður svohljóðandi:

Samningsaðilar eru sammála um að stuðla að aukinni endurmenntun lyfjafræðinga. Í því skyni verði stofnaður sérstakur endurmenntunarsjóður í hverju fyrirtæki.

Vinnuveitandi skal í samráði við lyfjafræðing fylgjast með endurmenntunarpörf hans. Lyfjafræðingur skal í samráði við vinnuveitanda hafa frumkvæði að því að finna námskeið og eða ráðstefnur, sem hentar starfsemi fyrirtækisins og starfi hans hjá því. Mat vinnuveitanda ræður úrslitum um það hvaða námskeið eða ráðstefnur verða fyrir valinu. Vinnuveitandi ákveður í samráði við lyfjafræðing hvenær endurmenntun fer fram.

Til þess að mæta kostnaði við námskeið, sem lyfjafræðingur sækir, verði stofnaður sérstakur endurmenntunarsjóður í hverju fyrirtæki. Vinnuveitandi greiði í sjóðinn í lok hvers árs sérstaka eingreiðslu, kr. 26.500 á árunum 2004-2007, fyrir hvern lyfjafræðing sem er í fullu starfi hjá viðkomandi fyrirtæki. Upphæðin miðast við fullt starf á árinu. Greitt skal hlutfallslega vegna þeirra sem ekki eru í fullu starfi og þeirra sem skemur hafa unnið á árinu. Inneign lyfjafræðings í endurmenntunarsjóði fyrnist á þremur árum.

Vinnuveitandi skal halda utan um vörslu sjóðsins og sjá til þess að í lok hvers árs fái lyfjafræðingar, sem starfa í fyrirtækinu, upplýsingar um það hver inneign þeirra er í endurmenntunarsjóði fyrirtækisins. Inneign lyfjafræðings í endurmenntunarsjóði fyrirtækisins fellur niður við starfslok og fyrningu, en helst í sjóðnum og skal eingöngu nýta þær greiðslur sem eftir verða í sjóðnum til endurmenntunar lyfjafræðinga. Slík endurmenntun getur farið fram á vegum fyrirtækisins eða annarra. Einn fulltrúi starfsmanna og einn fulltrúi vinnuveitanda hafa samráð um hvort greiðsla úr sameiginlegum sjóði uppfylli skilyrði greinarinnar.

Handwritten signatures and initials: JABF, JAS, 88, B.

8. gr.

Samningsforsendur

Komi til þess að nefnd Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins sem fjallar um forsendur kjarasamninga nái samkomulagi um breytingu á launalið samninga eða að launaliðir kjarasamninga séu uppsegjanlegir í árlegri athugun sinni 2005 og 2006 skal sama gilda um þennan samning.

Reykjavík 28. maí 2004

F.h. Lyfjafræðingafélags Íslands

Ingunn Björnsdóttir
Roberto Estévez
Aselbjörg Friðgeirsd.

F.h. Samtaka atvinnulífsins

Frjá: Lúthó—
Alfheidur J. Sverrisson
Hjalti Létur

Bókun 2004

Stefnt er að því að taka upp markaðslaunakerfi innan apóteka sbr. grein 1.2. frá árinu 2000. Sem lið í því eru samningsaðilar sammála um að nota launakannanir skv. gr. 1.3. sem grundvöll til að mæla hvort og þá hversu miklar launabreytingar hafi verið innan stéttar lyfjafræðinga sem starfa í apótekum.

Samkomulag er um að samningsaðilar geri launakannanir í ársbyrjun 2005 og 2006 sem sýni launabreytingar sem verða innan stéttarinnar á tímabilinu. Komi í ljós að launabreytingar lyfjafræðinga í heild hafi verið lægri en 2,5% á tímabilinu frá 1. janúar 2005 – 31. desember 2005 verður mismunur launabreytinga skv. launakönnun og 2,5% greiddur í formi kjarasamningsbundinnar launahækkunar til starfandi lyfjafræðinga í apótekum frá 1. janúar 2006. Kjarasamningsbundin launahækkun frá 1. janúar 2006 getur þó aldrei orðið hærri en 2,5%.

Sama aðferð verður viðhöfð í ársbyrjun árið 2007, nema viðmiðunarhækkun telst þá vera 2,25%.

Í lok ársins 2007 munu samningsaðilar meta árangur markaðslaunakerfisins.

RE
ABK
4
16
B